

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/530
komudagur 16.12.2008



Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis,
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10, 3. hæð
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. desember 2008

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, 234. mál

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ), fagnar framkomnu frumvarpi til laga um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.

Að mati ÖBÍ er hér um gífurlega mikilvægt mál að ræða sem snýr að því að koma þjónustu við blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga í viðunandi horf. Samþykkt þessa frumvarps mun verða mikið framfaraskref fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.

Það er sérstakt fagnaðarefni hvernig þessi vinna hefur farið fram. Blindrafélagið og Daufblindrafélagið hafa verið höfð með í ráðum strax frá upphafi og teljum við hjá ÖBÍ það afar mikilvægt þegar verið er að móta þjónustu við fatlaða að viðeigandi hagsmunasamtök séu höfð með í ráðum. „Ekkert um okkur án okkar.“

Viðingarfyllst
f.h. Öryrkjabandalags Íslands
Halldór Sævar Guðbergsson
formaður